

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

10. fundur ráðsins haldinn
Þriðjudaginn 27. september 2005 kl. 13:30-16:30 í
Ráðhúsinu í Stykkishólmi

Af þeim sem boðaðir voru á fundinn mættu eftirfarandi:

Guðrún G Berbmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gudrun@hellnar.is

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólms – menja@nsv.is

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – gudbjorg@ust.is

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðar finsen@soffi.is

Davíð Sveinsson, fulltrúi Stykkishólms david@stykkiholmur.is

Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir, varamaður Grundarfjarðar framnes@hotel-framnes.is

Lydía Rafnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar lydia@centrum.is

Pórunn Sigþórsdóttir, framkvæmdastjóri Framkvæmdaráðsins thorunn@nsv.is

Róbert Stefánsson, nýr fulltrúi Stykkishólms robert@nsv.is

Forföll boðuðu:

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar hildibrandur@simnet.is

Ástþór Jóhannesson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps salmo@islandia.is

DAGSKRÁ FUNDARINS

1. Kynning á nýjum starfsmanni Framkvæmdaráðsins
 2. Fjármál yfirfarin – drög að fjárhagsáætlun
 3. Upplýsingastreymi til íbúa
 4. Skilti við Grundarfjörð
 5. Bæklingur fyrir næsta ár
 6. Umhverfisráðstefna - framtíðarsýn
 7. Önnur mál
 8. Næsti fundardagur og fundarstaður ákveðinn
-
1. Pórunn Sigþórsdóttir nýráðinn framkvæmdarstjóri Framkvæmdaráðsins kynnti sig fyrir fulltrúm á fundinum, sagði frá sér og sinni starfsreynsu í stuttu máli. Hún boðin velkomin til starfa.
 2. Guðrún Bergmann kynnti fundarmönnum drög að fjárhagsáætlun frá okt '05 til okt '06
 3. Ekki rætt að þessu sinni.

4. Koma þarf upp skilti við Grundarfjörð fyrir 31. des næskomandi að öðrum kosti fellur styrkur frá Ferðamálaráði til gerðar skiltisins niður en búið var að fá frest til áramóta, þar sem skiltið var ekki tilbúið þann 15. sept. Staðsetning á bílastæði og snúningsplani hefur verið ákveðin. Vangaveltur um kostnað, áætlaðan halla og stærð skiltisins út frá veðurfarslegu sjónarmiði. Ákveðið að hafa hallandi skilti með fjallinu og nokkrum myndum af fuglum sem þarna sjást. Ætlar Sigríður að tala við Guðjón hjá gau@gauiella.is vegna myndar af Kirkjufellinu frá þeim stað er skiltið verður sett á.

5. Samþykkt var að skipa ritnefnd til að sjá um bæklingagerð fyrir Snæfellsnes og buðust þau Guðrún Bergmann, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Róbert Stefánsson til að vera í þeirri nefnd. Guðrún sagði frá þeirri miklu athygli er bæklingurinn frá Snæfellsbæ vakti á Vest-Norden ráðstefnunni nú í haust og taldi að slíkur bæklingur væri tilvalinn fyrir Snæfellsnes, einkum vegna þess að þegar hefur verið fjallað ýtarlega um Snæfellsnes í bæklingi um Vesturland sem Ferðamálasamtök Vesturlands gáfu út. Einnig að prenta ekki of mörg eintök í einu heldur uppfæra hann á hverju ári því sannað þykir að um 27% breyting sé á þjónustuupplýsingum milli ára. Í bæklingnum sem áætlað er að verði tilbúinn í mars 2006 koma fram upplýsingar um áhugaverða staði til að skoða, gistimöguleika og ýmsa aðra þjónustu fyrir ferðamenn.

6. Samþykkt var að stefna að því að halda Umhverfisráðstefnu á Snæfellsnesi 22. apríl 2006. Óskir um tillögur að slíkri ráðstefnu, svo sem hvar hún eigi að vera, hvort hún eigi að vera þematengd og hvort eigi að fá einhverja þekktu fyrirlesara og þess háttar. Tillögur óskast á næsta fundi.

7. Guðbjörg minntist á lélegt GSM samband í Þjóðgarðinum og hvort Framkvæmdaráðið gæti beitt sér í þeim málum. Einnig sagði hún okkur frá því að Margrét sem er starfsmaður Þjóðgarðsins væri búin að vinna skýrslu um Verndaráætlun fyrir Þjóðgarðinn og myndi senda þessa skýrslu til okkar. Ingibjörg Torfhildur spurði um það hverjir tækju að sér gerð göngustíga í sjálfboðavinnu og fékk þau svör að það væru Veraldarvini og fá þeir í staðinn frítt fæði og húsnæði.

Talað um að fá sér kennitölu fyrir Framkvæmdaráðið eða gera það að deild undir Héraðsnefnd Snæfellinga, nú þegar ljóst er að Kolbeinsstaðahreppur tengist Borgarbyggð.

Þetta er síðasti fundur Menju með nefndinni og mun Róbert Stefánsson taka við sæti hennar. Hún þakkað samstarfið og sagðist áfram myndu fylgjast með því sem væri að gerast innan Framkvæmdaráðsins. Aðrir í ráðinu þökkuðu henni fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.

Næsti fundur ákveðinn 26. okt í Grundarfirði eða Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fundi slitið kl 16.10.

Fundarritari Lydía Rafnsdóttir.